

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 2012 í máli nr. S-238/2011:

Ákærvaldið

(Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Jóhanni Karli Adolfssyni

(Kristján Stefánsson, hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 8. mars 2011 á hendur ákærða, Jóhanni Karli Adolfssyni, kennitala 000000-0000, Logafold 22, Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot:

1. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa mánudaginn 28. desember 2009, að Unufelli 50 í Reykjavík, haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni samtals 329,9 g af kannabislaufum og 201 kannabisplöntu, og fyrir að hafa um nokkurt skeið fram til þessa dags ræktað greindar plöntur.

007-2009-81129

Er brot þetta talið varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 4. gr. sömu laga, varðandi framleiðslu á kannabis, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

2. Áfengislagabrot, með því að hafa, á sama tíma og á sama stað og greinir í ákærulið 1., framleitt, 106,5 lítra af gamba og 13,5 lítra af landa, og átt sérhæfð áhöld til að eima áfengi án leyfis, en lögregla lagði hald á áfengið og áhöldin, við leit í íbúðinni.

007-2009-81129

Er brot þetta talið varða við a-lið 2. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 6. gr., og 7. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr. áfengisлага nr. 75/1998, sbr. 2. gr. laga nr. 40/2005.

3. Umferðarlagabrot, með því að hafa mánudaginn 13. maí 2010, ekið bifreiðinni LO-507, án lögboðinnar váttryggingar, með 104 km hraða á klst., á vegarkafla suður Reykjanesbraut við Hnoðraholt, þar sem hámarkshraði er 70 km á klst., þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

007-2010-30460

Er brot þetta talið varða við 1., sbr. 3. mgr. 37. gr. og 93. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er þess krafist að ofangreind 329,9 g af kannabislaufum, 201 kannabisplanta, og 5 gróðurhúsalampar og 1 flúorljós sem notað var til framleiðslu á kannabisplöntum verði gerð upptæk samkvæmt 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001. Þá er þess jafnframt krafist að gert verði upptækt 106,5 lítra af gambra og 13,5 lítra af landa, 3 tunnur, 1 eimingartæki, 2 brúsar og 3 kolasiur, sem hald var lagt á samkvæmt 1. mgr. 28. gr. áfengislaga nr. 75/1998.“

Ákærði játar sök að því er varðar vörslur 201 kannabisplöntu samkvæmt 1. tl. ákæru og að hafa um nokkurt skeið fram til 28. desember 2009 að Unufelli 50 í Reykjavík ræktað greinda plöntur. Þá hefur ákærði játað að hafa framleitt 13,5 lítra af landa samkvæmt 2. tl. ákæru. Loks hefur ákærði játað sök samkvæmt 3. tl. ákæru eftir að ákæruvald hafði fallið frá ákæruefni um lögboðna váttryggingu og heimfærslu til 93. gr. laga nr. 50/1987. Að öðru leyti neitar ákærði sök. Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Mál þetta var upphaflega dæmt í héraði 9. júní 2011 sem játningarmál. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi 15. desember 2011 í máli nr. 419/2011 ómerkti héraðsdóm og vísaði málinu aftur heim í hérað. Með úrskurði héraðsdóms 27. janúar 2012 úrskurðaði héraðsdómari sig vanhæfan til frekari meðferðar málsins. Sá dómari sem nú dæmdir málið fékk málinu úthlutað 8. febrúar 2012.

1. tl. ákæru.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu frá 29. desember 2009 fékk lögregla 28. desember 2009 grun um að kannabisræktun ætti sér stað í íbúð á jarðhæð að Unufelli 50 í Reykjavík. Fram kemur að lögregla hafi knúið dyra. Í íbúðinni hafi verið ræktun og hafi grunur leikið á um að um væri að ræða kannabis. Í rými 1 hafi verið búið að byrgja fyrir glugga með tréplötum og viftur verið í röri er blásið hafi fersku lofti inn. Þá hafi verið „filter“ við loft í herberginu sem blásið hafi lofti inn á salerni íbúðarinnar, sem hafi verið við hlið þess herbergis er ræktunin hafi farið fram í. Á gólfinu hafi verið kannabisplöntur í ræktun. Hafi þær verið í blómapottum. Í rými 2 hafi einnig verið kannabisplöntur í ræktun, auk „minni“ kannabisplantna sem greinilega hafi verið unnið við að koma upp. Hafi plöntur verið í hillum og á gólfi. Einn gróðurhúsalampi hafi verið í notkun í rýminu. Þá hafi verið á staðnum ljós sem í hafi verið tvær flúorperur sem hafi verið yfir minni kannabisplöntunum. Í eldhúsi hafi verið ætlað kannabisefni fryst í ísskáp. Um hafi verið að ræða tætt marihuana í poka. Fram kemur að Jóhann Karl Adólfsson, ákærði í máli þessu, hafi verið handtekinn í íbúðinni.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu síðar sama dag. Kvað ákærði ræktunina hafa verið hálfgerða vinnu. Hafi ákærði verið atvinnulaus og verið að útvega sér

peninga. Hafi ákærði einn staðið að ræktuninni, en íbúðina hafi hann leigt. Ekki kvaðst ákærði vita hvar hann nákvæmlega hafi fengið hluti fyrir ræktunina. Búnaðurinn hafi komið í gegnum vöruskipti. Hafi ákærði lagt út fyrir kostnaði við ræktunina. Um hafi verið að ræða fyrstu tilraun til ræktunar. Upplýsingar um ræktunina hafi ákærði fengið af internetinu.

Tæknideild lögreglu hefur ritað skýrslu um íbúðina að Unufelli. Í skýrslunni er búnaði til ræktunar í hverju rými fyrir sig lýst. Fram kemur að í rými 1 hafi verið í gangi ræktun samtals 158 plöntur. Hafi þær verið tilgreindar nr. 1 – 3 í efnaskýrslu lögreglu. Í rými 2 hafi verið í gangi ræktun á 43 plöntum. Þær plöntur hafi verið tilgreindar nr. 4 í efnaskýrslu lögreglu. Þá kemur fram að í plastpoka í hillu hafi verið kannabislauf, svonefnt uppsóp. Það hafi verið tilgreint nr. 5 í efnaskýrslu. Í frystiskáp ísskáps í eldhúsi hafi fundist poki með muldum kannabislaufum. Hafi það verið tilgreint nr. 6 í efnaskýrslu. Plöntur hafi verið klipptar niður, ljósmyndaðar og mældar. Hafi þær verið færðar í aðstöðu tæknideildar þar sem þær hafi verið vigtaðar. Í skýrslunni eru ljósmyndir er teknar voru úr húsnæðinu.

Samkvæmt efnaskýrslu lögreglu voru plöntur merktar nr. 1 – 2 í efnaskýrslu 40 til 80 cm háar. Þær voru samtals 100 talsins. Plöntur merktar nr. 3 voru 30 til 90 cm háar og samtals 58 talsins. Plöntur merktar nr. 4 voru 5 til 70 cm háar og 43 alls. Uppsóp merkt sem nr. 5 var 50,70 g og mulin kannabislauf merkt nr. 6 var 198,83 g. Við rannsókn og prófun tæknideildar 29. desember 2011 kemur fram að kannabisplöntur voru alls 201 og kannabislauf 249,53 g að þyngd.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði frá 20. janúar 2010 var tekin til rannsóknar ein planta merkt 17013, nr. 1. Með smásjárskoðun, gasgreiningu á súlu og massagreiningu hafi fundist að sýnið var kannabis. Magn tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni hafi verið 9,2 mg/g, sem samsvari 3,2 mg/g í sýninu fyrir þurrkun. Samkvæmt matsgerð stofnunarinnar frá 4. nóvember 2011 voru tekin til rannsóknar 6 sýni frá lögreglu merkt 17013. Í sýni nr. 1 hafi magn tetrahýdrókannabínóls verið 8,0 mg/g, í sýni nr. 2 verið 9,4 mg/g, í sýni 3 verið 8,2 mg/g, í sýni 4 verið 6,5 mg/g, í sýni 5 verið 3,8 mg/g og í sýni nr. 6 verið 6,8 mg/g. Þá liggur fyrir matsgerð stofnunarinnar frá sama degi varðandi sýni merkt 17050. Þar kemur fram að magn tetrahýdrókannabínóls hafi verið 3,6 mg/g. Loks liggur fyrir matsgerð stofnunarinnar frá 8. nóvember 2011. Leitað var eftir mati á því hver styrkur sýna úr efnaskrá 17013, nr. 1-6 og 17050 væri í samanburði við sambærileg sýni úr öðrum málum sem borist hafi til rannsóknar á síðastliðnum árum og hvort styrkleiki bendi til að þau hafi verið ónothæf til vímuáhrifa hefði þeirra verið neytt t.d. með þurrkun eða reykingu. Fram kemur að á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2010 hafi sýni að meðaltali innihaldið 40 mg/g af tetrahýdrókannabínóli, miðgildi verið 35 mg/g, lágsta gildi 3,5 mg/g og hæsta gildi 145 mg/g. Sýni úr plöntum sem innihéldu minna en 10 mg/g hafi verið 33 eða 19% sýna. Sýni nr. 17013, nr. 1-6 hafi innihaldið tetrahýdrókannabínól á bilinu 3,8 til 9,4 mg/g og þar með fallið í flokk sýna sem væru veikari en 10 mg/g. Hið sama megi segja um sýni merkt 17050. Verði þau öll að teljast veik í samanburði við önnur sýni. Í reglugerð Evrópusambandsins nr. 1782/2003 séu sett mörk um leyfilegt magn tetrahýdrókannabínóls í hamplöntum. Samkvæmt henni megi þær í hæsta lagi innihalda 0,2 %, þ.e. 2 mg/g af efniinu. Af því mætti ef til vill draga þá ályktun að plöntur, sem innihéldu 2 mg/g eða minna væru ónothæfar sem vímuefni.

Ákærði lýsti því fyrir dómi að lögregla hafi knúið dyra að íbúðinni að Unufelli 50 umrætt sinn. Hafi ákærði í framhaldi verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Ákærði kvaðst einn hafa búið að Unufellinu. Hafi hann haft í vörslum sínum 201 kannabispöntu. Ekki hafi hann ræktað plönturnar í sölu- og dreifingarskyni. Hafi ætlunin verið að nota efnið sjálfur. Að því er varðaði framburð ákærða hjá lögreglu hafi framburður ákærða orðið með þeim hætti er varð þar sem hann hafi verið búinn að vaka lengi og ekki verið búinn að ræða við lögmenn. Hafi hann verið í sjokki yfir atburðinum og vart vitað hvað hafi verið að gerast. Ákærði kvaðst hafa sett upp ræktunina einn. Kunningi hafi útvegað ákærða lampa fyrir ræktunina. Ekki hafi ákærða verið ljóst hve mikið hann gæti fengið út úr ræktuninni. Þetta hafi verið hans fyrsta tilraun.

Guðmundur Tómasson rannsóknarlögreglumaður kvað lögreglu hafa komið að Unufellinu og rannsakað vettvang. Ræktun hafi verið í gangi í tveim rýmum. Hafi verið búið að koma fyrir búnaði til ræktunar. Álpappír hafi verið settur á vegg herbergisins og gróðurhúsalampi verið notaður. Ræktunin hafi verið umfangsmikil.

Jón G. Sigurgeirsson rannsóknarlögreglumaður staðfesti þátt sinn í rannsókn málsins. Kvaðst hann hafa tekið skýrslu af ákærða sama dag og hann hafi verið handtekinn. Skýrslutakan hafi verið eðlileg í alla staði og ástand ákærða eðlilegt. Ef svo hefði ekki verið hefði skýrsla ekki verið tekin af ákærða á þeim tíma. Ákærði hafi í upphafi skýrt sjálfstætt frá atvikum.

Jakob Kristinsson prófessor á Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði staðfesti matsgerðir sínar í málinu og gerði nánar grein fyrir efni þeirra.

Niðurstaða:

Ákærði neitar sök að hluta til. Hefur hann játað vörslur á 201 kannabispöntu en neitað sök að öðru leyti. Í máli þessu liggja fyrir matsgerðir Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Þær leiða í ljós að sýnu úr umræddri ræktun hafi verið fremur veik af tetrahýdrókannabínóli miðað við miðgildi síðustu ára. Hafi styrkleiki efnisins verið á bilinu 9,4 mg/g til 3,6 mg/g. Efnið tetrahýdrókannabínól hafi engu að síður verið í sýnum.

Ljósmyndir teknar af tæknideild lögreglu leiða í ljós talsvert umfangsmikla ræktun á kannabispöntum að Unufelli 50. Hefur fullkomnum búnaði verið komið fyrir og fjöldi plantna verið talsverður. Ákærði bar við skýrslutöku hjá lögreglu að um hafi verið að ræða hálfgerða vinnu og að hann hafi verið að útvega sér pening. Fyrir dómi hefur ákærði synjað fyrir þetta og gefið skýringu á framburði sínum hjá lögreglu. Er sú skýring ákærða ósennileg. Þegar til umfangs framleiðslunnar er litið og hliðsjón höfð af framburði ákærða hjá lögreglu er að mati dómsins komin fram sönnun um að ákærði hafi greint sinn haft umrædd fíkniefni í sínum vörslum í sölu og dreifingarskyni. Þó svo ekki sé mælt fyrir um lágmark tetrahýdrókannabínóls í plöntum hér á landi þykir mega styðjast við reglugerð Evrópusambandsins við ákvörðun á lágmarki efnis í mg/g. Eru öll sýni samkvæmt matsgerðum yfir 2.0 mg/g að því er varðar styrkleika tetrahýdrókannabínóls, sem er lágmarkið innan Evrópusambandsins. Með hliðsjón af þessu verður ákærði sakfelldur samkvæmt 1.

tl. ákæru og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

2. tl. ákæru.

Í frumskýrslu lögreglu frá 29. desember 2009 kemur fram að í rými 2 að Unufelli 50 hafi verið eimingartæki. Hafi tækið verið í gangi og landi verið í brúsa við hliðina á tækinu. Þá hafi verið á gólfi tveir stórir brúsar eða tunnur sem hafi innihaldið gabra. Hafi annar brúsinn verið fullur en hinn ekki. Þá hafi á gólfi verið glær brúsi er hafi innihaldið tilbúinn landa.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu síðar sama dag og hann var handtekinn. Hafi ákærði lýst því að hann hafi verið atvinnulaus og verið að útvega sér peninga. Ákærði kvaðst sjálfur hafa verið að brugga áfengi. Áfengið hafi verið um 40% að styrkleika. Í bláum brúsum við hlið eimingartækja hafi verið gambri. Hafi ákærði verið með í tveim brúsum og verið búinn að taka úr öðrum þeirra. Fyrsta suðan hafi verið í gangi. Á gólfi hafi verið landi í glærum brúsa. Það hafi verið gamalt frá ákærða.

Tæknideild lögreglu hefur ritað skýrslu um íbúðina að Unufelli. Fram kemur að á gólfi í rými 2 hafi verið eimingartæki fyrir landa sem hafi verið í sambandi við rafmagn og vatn. Í rýminu hafi verið blá plastílát með gabra, áfengi sem ekki hafi verið búið að sjóða og plastílát með landa sem hafi verið búið að eima og plastílát sem í hafi lekið frá eimingartækinu. Áfengið hafi verið fært á lögreglustöð í Kópavogi en eimingartækið á lögreglustöðina við Hverfisgötu.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var rannsóknarlögreglumanni 31. desember 2011 falið að skrá magn gabra og landa sem lögregla hafi lagt hald á. Fram kemur að um hafi verið að ræða gabra í þrem bláum plasttunnum og tilbúinn landa í tveim plastbrúsum. Magn gabra hafi verið 106,5 lítrar og landa 13,5 lítrar. Að mælingu lokinni hafi gabra verið fargað og tunnum skilað í munageymslu. Landa hafi verið skilað í munageymslu. Sýni hafi verið tekin úr öllu og send Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði frá 21. janúar 2010 bárust rannsóknarstöðinni 5 sýni 13. janúar 2010 til rannsóknar. Fram kemur að í þrem sýnum, sem merkt eru sem gambri hjá tæknideild lögreglu, hafi magn etanóls verið 20% v/v í tveim sýnum og 4,6% v/v í því þriðja. Í tveim sýnum, sem merkt eru sem landi hjá tæknideild lögreglu, hafi magn etanóls mælst annars vegar 57% v/v og hins vegar 26% v/v. Séu öll sýnin áfengi, en tvö síðustu sterkt áfengi.

Rannsóknarstofa í lyfja- og eiturefnafræði hefur 26. október 2011 ritað álit um hvort geymsluaðferð lögreglu á heimabruggi kunni að hafa valdið aukningu í etanólmagni í sýnum sem lögregla hafi lagt hald á 28. desember 2009 en hafi borist rannsóknarstofunni 13. janúar 2010. Fram komi að sýnin hafi verið geymd á lögreglustöð frá 28. desember til 31. desember 2009 við stofuhita. Í niðurstöðu kemur fram að telja verði víst að etanólmagn í sýnum 311482 og 311518 hafi ekki aukist við geymslu í stofuhita frá haldlagningu og fram að etanólákvörðun. Aftur á móti sé líklegt að etanólmagn í gambrasýnum hafi aukist við geymslu í stofuhita hafi þau ekki þá verið útgerjuð, þ.e. allur sykur horfinn úr blöndunni. Ekki sé því

hægt að segja til um breytingu á etanólmagni í gambrasýnum frá haldlagningu og þar til þau hafi borist rannsóknarstofunni 13. janúar 2010.

Ákærði lýsti því fyrir dómi að hann hafi ætlað að halda samkvæmi um áramótin og veita áfengi í formi „bollu“. Kvaðst ákærði sjálfur hafa sett saman í gambrann. Leiðbeiningar hafi komið á poka undan efnum, en þokann hafi ákærði fengið í Ámunni. Eimingartæki hafi verið í gangi er lögreglu hafi borið að garði. Þá hafi landi verið í brúsum komið úr suðu. Hafi hluti af gamba enn verið í eimingartækjum. Ákærði kvaðst ekki hafa mælt gambrann fyrir eimingu.

Guðmundur Tómasson rannsóknarlögreglumaður kvað lögreglu hafa komið að Unufellinu og rannsakað vettvang. Hafi eimingartækið verið í gangi. Hafi tækið verið tæmt og vökvinn settur í brúsa. Er lögreglu hafi borið að garði hafi vökvi lekið úr tækinu í brúsa.

Vignir Örn Oddgeirsson rannsóknarlögreglumaður staðfesti að hafa skráð og mælt vökva úr framleiðslunni. Hafi hann flokkað vökva þannig að það sem búið hafi verið að eima hafi verið landi, en það sem eftir hafi átt að eima hafi verið gambri. Mannleg mistök hafi leitt til þess að sýni hafi verið send í rannsókn um 2 vikum eftir mælingu.

Jón G. Sigurgeirsson rannsóknarlögreglumaður staðfesti þátt sinn í rannsókn málsins. Kvaðst hann hafa tekið skýrslu af ákærða sama dag og hann hafi verið handtekinn. Skýrslutakan hafi verið eðlileg í alla staði og ástand ákærða eðlilegt. Ef svo hefði ekki verið hefði skýrsla ekki verið tekin af ákærða á þeim tíma. Ákærði hafi í upphafi skýrt sjálfstætt frá atvikum.

Sigurlín Rós Óskarsdóttir lögreglumaður kvað uppsóp af gólfi hafa verið lauf er hafi fallið til og legið á gólfi. Hafi það verið tekið saman og því eitthvað af rusli komið með. Það sem hafi verið mulið hafi verið ætlað í neyslu.

Lúðvík Eiðsson lögreglufulltrúi kvað mistök hafa leitt til þess að sýni úr framleiðslu áfengis hafi ekki verið send rannsóknarstofu strax eftir haldlagningu og mælingu. Eftir skráningu hafi öllum gamba verið eytt.

Kristín Magnúsdóttir deildarstjóri á Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði gerði grein fyrir matsgerð sinni og áliti varðandi mælingu á áfengi í gamba og landa. Að því er varði gamba þurfi ekki ákveðið áfengisinnihald í honum áður en tekið er til við að eima gambrann. Gambri byrji í 0% etanóli og endi í 18 til 20% etanóli. Misjafnt sé hvenær gambri sé útgerjaður, en það fari eftir stofuhita og þeim gerli sem sé notaður. Gerjun hætti þegar sykur sé búinn. Þegar styrkleiki etanóls sé kominn yfir 20% drepist gerillinn. Styrkur í landa sé síðan misjafn, en það fari eftir suðu og tækjum sem notuð séu. Hitastig þurfi að vera nákvæmt fyrir etanólið. Magn þess geti verið allt frá 20% og upp í 90%. Í þeim tilvikum sé vökvinn endursóðinn.

Niðurstaða:

Í þessum þætti málsins hefur ákærði einnig játað sök að hluta til. Hefur hann játað að hafa framleitt 13,5 lítra af landa. Að öðru leyti neitar ákærði sök. Svo sem fram hefur komið við rannsókn málsins mældist 20% etanól í tveim sýnum úr gambra er lagt var hald á í tengslum við rannsókn málsins og 4.6% úr því þriðja. Fórst fyrir úr hendi lögreglu að koma haldlögðum sýnum til Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Hefur Kristín Magnúsdóttir deildarstjóri á rannsóknarstofunni lýst því að líklegt sé að áfengismagn í sýnum úr gambra hafi aukist á þessum tíma, en það fari eftir því hvort gerillinn hafi verið búinn með sykur í blöndunni.

Eimingartæki þau er lögregla lagði hald á voru í gangi er lögregla stöðvaði eimingu. Úr sýnum sem þá höfðu verið eimuð hefur mælt áfengi sem er flokkað sem sterkt áfengi. Geymsla á þeim sýnum við stofuhita hefur ekki getað breytt þeim niðurstöðum. Þegar til þeirrar staðreyndar er litið er hafið yfir allan vafa að áfengi yfir leyfilegum mörkum hafi einnig verið í haldlögðum gambra 28. desember 2009, þó svo ekki verði slegið föstu að á þeim tíma hafi styrkleikinn verið sá sem síðar mældist. Á þetta við um sýni merkt 311479 og 311480 sem mældust með 20% etanól. Sýni nr. 311517 mældist hins vegar einungis með 4,6% etanól. Nokkra óvissu verður að telja vera fyrir hendi um að styrkleiki þess hafi verið yfir leyfilegum mörkum 28. desember 2009. Sýni þetta var tekið úr tunnu sem í voru 23 lítrar af gambra. Verður ákærði sýknaður af því að hafa framleitt gambra með óleyfilegu áfengismagni í þeirri tunnu, en ákæra miðar ekki við tilraun til brots. Að þessu gættu verður ákærði sakfelldur samkvæmt 2. tl. ákæru og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærinni.

3. tl. ákæru.

Ákærði hefur skýlaust játað sök samkvæmt þessum tölulíð ákæru. Með vísan til þeirrar játningar hans, sem samrýmist gögnum málsins, verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum tölulíð ákæru og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í maí 1981. Honum var í dómi 22. desember 2010 gerð sekt fyrir umferðarlagabrot. Þá gekkst ákærði undir sátt hjá lögreglustjóra 3. júní 2011 einnig vegna brota gegn ákvæðum umferðarlaga. Brot þau er ákærði er nú dæmdur fyrir eru framin fyrir uppsögu refsíðómsins frá 22. desember 2010 og áður en ákærði gekkst undir sáttina frá 2011. Eru brotin hegningarauki og ber því að ákveða refsingu með hliðsjón af 78. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 77. gr. Með hliðsjón af brotum ákærða og þeim tíma er mál þetta hefur verið til meðferðar og ákærði á ekki sök á, er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði, sem í ljósi alvarleika háttseminnar þykir ekki unnt að skilorðsbinda.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru verður upptaka dæmd svo sem í dómsorði greinir.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, svo sem í dómsorði er mælt fyrir um.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Jóhann Karl Adolfsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 329,9 g af kannabislaufum, 201 kannabisplanta, 5 gróðurhúsalampar, flúorljós, 106,5 lítrar af gamba, 13,5 lítrar af landa, 3 tunnur, eimingartæki, 2 brúsar og 3 kolasíur.

Ákærði greiði 366.720 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 251.000 krónur

Simon Sigvaldason

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómi Reykjavíkur 30. apríl 2012.